

**Nd.** **416. Frumvarp til laga** [189. mál]  
um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

**1. gr.**

Í 11. gr. laganna bætist ný málsg., sem verður 1. málsg., svo hljóðandi:

Heimilt er kirkjustjórn að ákveða, að fengnum tillögum sóknarnefnda prestakalls og með ráði sóknarprests og héraðsprófasts, að flytja skuli prestssetur á hentugri stað í prestakalli. Ákvörðun um þetta efni skal birta með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Menntamálanefnd flytur frv. samkvæmt ósk dóms- og kirkjumálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. Frv. fylgir eftirfarandi greinargerð:

Í eldri lögum um skipun prestakalla voru prestssetur ekki lögákveðin, en ákvæði um það voru tekin upp í lög 31 1952. Nú á síðari árum hafa orðið mjög órar breytingar á búskaparháttum sóknarpresta og byggð í prestaköllum, sem leiðir til þess, að mjög oft koma fram óskir um flutning á aðsetri sóknarpresta innan prestakalls þeirra. Þykir því hentugt, að almenn heimild til flutnings prestsseturs sé í lögum, að uppfylltum skilyrðum um tillögur hlutaðeigandi aðila.